



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1429
komudagur 20.3.2006


Reykjavík, 20. mars 2006

Allsherjarnefnd Alþingis
Bjarni Benediktsson formaður.

Við er til bréfs allsherjarnefndar, dags. 7. desember 2005, þar sem óskað er
umsagnar heilbrigðis- og trygginganefndar um frumvarp til laga um réttarstöðu
samkynhneigðra, 340. mál.

Álitið sendist nefndinni hér með.

F.h. formanns heilbrigðis- og trygginganefndar,



Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndaritari

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGANEFND

Álit

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjógungun).

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta málsins sem varðar tæknifrjógungun. Þá hefur hún fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Hólmfríði Grímsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Guðmund Arason frá Art Medica hf., Ingileifu Jónsdóttur frá Vísinda og tækniráði og Salvöru Nordal frá siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Meginbreytingin sem lögð er til í frumvarpinu á lögum um tæknifrjógungun er sú að konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu verði heimilað að gangast undir tæknifrjógungun, þ.e. með tæknisæðingu eða glasafmjógungun. Með því er lagt til að afnumið verði það skilyrði að einungis gagnkynhneigð pör í hjúskap eða óvígðri sambúð geti gengist undir tæknifrjógungun.

Nefndin ræddi á fundum sínum nokkur atriði og m.a. um rétt barns til að þekkja uppruna sinn í tengslum við tæknifrjógungun með gjafasæði en sú umræða hefur aukist mjög síðustu ár. Í 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003, og 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er staðfestur réttur barna til að þekkja uppruna sinn og ákvæði ættleiðingarlaga taka mið af þessum rétti. Í lögum um tæknifrjógungun, nr. 55/1996, er nafnleynd sæðisgjafa valkvæð en algengast hefur verið að sæðisgjafir komi erlendis frá þar sem sæðisgjafar njóta nafnleyndar. Umræðan um nafnleynd hefur aukist erlendis og hafa Svíar og nú síðast Bretar sett reglur um að barn, sem getið er með gjafasæði og hefur náð 18 ára aldri, geti fengið að vita hver sæðisgjafi er. Breytingarnar hafa valdið því að framboð á sæði hefur minnkað. Telur nefndin þarft að taka upp frekari umræðu um rétt barna til að þekkja uppruna sinn í tengslum við nafnleynd kynfrumugjafa.

Þá ræddi nefndin ákvæði lokamálsliðar 21. gr. frumvarpsins varðandi hámarksgeymslutíma og eyðingu fósturvísa. Þar er áskilið að eyða þurfi fósturvísu ef karlmaður sá og kona er lögðu kynfrumurnar til slíta hjúskap eða óvígðri sambúð eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð slíta henni. Sama gildi ef annar aðilinn andast nema um gjöf kynfruma til notkunar við tæknifrjógungun hefur verið að ræða. Þá þarf ekki að eyða fósturvísinum. Í tilfelli kvenna í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð er ætíð um gjöf kynfruma að ræða og telur nefndin rétt að sama gildi um eyðingu fósturvísa, hvort sem um gagnkynhneigt par eða samkynhneigðar konur er að ræða. Leggur því nefndin til að undantekning lokamálsliðarins verði felld brott.

Þá kom fram á fundum nefndarinnar að aldursmörk tæknifrjógungunar hafa valdið erfiðleikum í framkvæmd en í reglugerð nr. 568/1997, með síðari breytingum, segir að konur skulu ekki vera yngri en 25 ára og að jafnaði ekki eldri en 42 ára og aldrei eldri en 45 ára og karlar að jafnaði ekki eldri en 55 ára. Samkvæmt lögnum er miðað við að aldurs parsins megi teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum þess. Nefndin hvetur til þess að hugað verði að því að rýmka aldursmörkin, sérstaklega varðandi konur.

Þá ræddi nefndin nokkuð um hvort með frumvarpinu væri verið að mismuna hommum og lesbíum með því að heimila lesbíum að fara í tæknifrjógungun en hommum ekki staðgöngumæðrun. Telur nefndin að ekki sé unnt að bera þetta tvennt saman vegna þess líffræðilega mismunar sem er á konum og körlum. Þá er enn fremur eðlismunur á því að ákveða að ganga með barn eða að ákveða að fá ótengda konu til að ganga með barn. Staðgöngumæðrun er hvorki heimiluð hér eða annars staðar á Norðurlöndunum en dæmi

munu vera um hana í Finnlandi þar sem ekki hefur verið sett löggjöf á þessu sviði. Kom fram að dæmi væru um það annars staðar erlendis frá að fátækar konur hefðu verið misnotaðar til þessa.

Nefndin leggur til að tæknifrjógunarhluti frumvarpsins verði samþykktur með þeirri breytingu að undantekning lokamálsliðar 21. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Alþingi 16. mars 2006.
Jónína Bjartmarz, form.
Sigurrós Þorgrímsdóttir.
Ágúst Ólafur Ágústsson.
Pétur H. Blöndal.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Kjartan Ólafsson.
Sæunn Stefánsdóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir.